



# Samgönguáætlun

## 2003-2014

Alþingi samþykkti á vorþingi 2003 samgönguáætlun 2003-2014, hina fyrstu sinnar tegundar á Íslandi. Þar er litið á samgöngur landsmanna sem eina heild og sett markmið um samhæfingu flugs, siglinga og samgangna á landi næstu 12 árin. Þannig er leitast við að nýta þá möguleika sem felast í samspili samgöngugreinanna til að auka þjónustu við landsmenn alla, byggja upp skilvirkt samgöngunet í samræmi við breyttar þarfir fólks og fyrirtækja og nýta jafnframt enn betur þá fjármuni sem varið er til samgöngumála.

Samgönguáætlun er yfirlýsing um stefnu, markmið og leiðir. Hún varð til í samstarfi fjölda fólks, fyrirtækja og stofnana. Meginmarkmið hennar eru

- greiðari samgöngur,
- hagkvæmur rekstur og uppbygging samgangnanna,
- umhverfisvænni samgöngur,
- öruggar samgöngur.

### Samgönguráð



Samgönguráðuneytið



Flugmálastjórn



SIGLINGASTOFNUN



VEGAGERÐIN



# Markmið og leiðir 2003-2014

## Greiðar samgöngur

1. Skilyrði verði sköpuð fyrir flesta landsmenn að komast til og frá höfuðborgarsvæðinu á innan við 3½ klst.
2. Almenningsamgöngur í lofti, á sjó og á landi verði skipulagðar þannig að þær nái til allra þéttbýlisstaða með um 200 íbúa eða fleiri.
3. Almenningsamgöngur í þéttbýli verði efldar.
4. Upplýsingaþjónusta við almenning og aðra notendur samgöngukerfisins verði aukin.
5. Tryggt verði að Íslendingar hafi fullan aðgang að gervihnattakerfum sem komið verður upp í lofti, á sjó og á landi, svo sem GPS, EGNOS og Galileo.
6. Unnið verði að rannsóknum og þróun á viðmiðum og líkönnum til að meta samgöngukerfið og árangur af samgönguáætlun.

## Hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri

1. Leitað verði leiða til þess að nýta kosti markaðsaflanna við uppbyggingu og rekstur samgöngukerfisins.
2. Samgönguþjónusta í lofti, á sjó og á landi, sem rikið kemur að, verði boðin út til að tryggja eðlilega samkeppni.
3. Stefnt verði að sanngjarnri og skilvirkri gjalddöku fyrir afnot af samgöngukerfinu.
4. Hagrætt verði í rekstri samgöngustofnana með skilvirkni að leiðarljósi.

## Umhverfissvænni samgöngur

1. Aukin áhersla verði lögð á rannsóknir á ýmsum þáttum sem geta dregið úr mengun frá samgöngum.
2. Stuðlað verði að nýtingu umhverfissvæna orkugjafa. Staðið verði fast við það markmið stjórnvalda að 20% af bifreiða- og fiskiskipaflota landsmanna noti vetni í stað jarðefnaeldsneytis árið 2020.
3. Úttekt verði gerð, í samráði við fjármálaráðuneyti, á skattlagningu eignarhalds og notkunar flugvéla, skipa og bifreiða með tilliti til umhverfisáhrifa.
4. Skilgreind verði líffræðilega mikilvæg hafsvæði og reglur settar um siglingar þar í samráði við umhverfisráðuneytið.
5. Ísland verði í fararbroddi við að fullgilda alþjóðlegar samþykktir gegn mengun sjávar.


## Öryggi

1. Stefnt skal að því að öryggi í samgöngum hér á landi verði eins og best gerist með öðrum þjóðum, m.a. með fullri þátttöku í nýjum evrópskum öryggisstofnunum (EASA og EMSA).
2. Efldar verði rannsóknir sem stuðlað geta að auknu öryggi í samgöngum.
3. Stuðlað verði að ábyrgri hegðun í umferð með aukinni fræðslu og eftirliti.
4. Unnið verði að rannsóknum til að draga úr hættu á að skipum hvolfi og þær tengdar upplýsingum um veður og sjólag.
5. Komið verði upp gæðakerfi um öryggismál allra flugvalla, sem í rekstri eru, sem og í flugumferðaþjónustu.

## Aukin umsvif í ferðaþjónustu kalla á greiðar og góðar samgöngur

Ferðaþjónusta er næststærsta atvinnugrein Íslendinga ef miðað er við gjaldeyristekjur. Árið 2000 komu hingað yfir 300 þúsund erlendir ferðamenn og fjöldi þeim álíka mikið hér eftir sem hingað til má gera ráð fyrir að fjöldinn verði á bilinu 700 þúsund til 1 milljón árið 2014. Góðar samgöngur eru forsenda þess að ferðaþjónustan geti dafnað og vaxið. Flestar framkvæmdir í samgöngukerfinu þjóna því markmiði að styrkja ferðaþjónustu og sumar eru þar lykilatriði:

- Ný samgöngu- og þjónustumiðstöð á Reykjavíkflugvelli.
- Uppbygging fjögurra hálendisvega: Fjallabaksleiðar nyrðri, Sprengisandsleiðar, Kjalvegur, Kaldadalsleiðar og aðliggjandi tengivega.
- Aukin þjónusta að vetrarlagi með snjómokstri og hálkueyðingu.
- Bættar samgöngur við þá staði þar sem helstu náttúruperlur landsins eru.



## Hámarksferðatími til og frá Reykjavík

3½ klst.

Gott aðgengi að vöru og þjónustu er mikilvægt fyrir íbúa sem og atvinnulíf landsins. Eitt af meginmarkmiðum samgönguáætlunar er að stuðla að því að ferðatími til og frá Reykjavík verði undir 3½ klst. fyrir flesta landsmenn með bíl, ferju og/eða flugi. Nánast öll landsbyggðin er innan þessara marka og munu áform samgönguáætlunar styðja enn frekar við þetta markmið, sbr. eftirfarandi:

- Stuðlað að styttri ferðatíma með vegabótum, s.s. styttingum, bundnu slitlagi og uppbyggingu og endurbyggingu vega þar sem vegferill er lélegur.
- Öflugri vetrarþjónustu haldið uppi og hún aukin á mikilvægum og fjölförnum leiðum.
- Stuðlað að áætlunarflugi til flugvalla sem gera kleift að uppfylla markmið um ferðatíma fyrir fjölmenn byggðarlög.
- Flug- og/eða ferjusambandi haldið uppi til eybyggða og staða sem eru í ófullnægjandi vegasambandi yfir vetrartímann.


### Vissir þú að

- ▶ farþegar í áætlunarflugi innanlands voru yfir 350.000 talsins árið 2001?
- ▶ 85% farþega í innanlandsflugi fara um fimm flugvelli, þ.e. Reykjavík, Akureyri, Egilsstaði, Ísafjörð og Vestmannaeyjar?
- ▶ vöruflutningar með skipum til og frá Íslandi jukust um 87% frá 1980 til 2000, aðallega vegna stóraukinna stóriðjuumsvifa hér?
- ▶ landaður afli í höfnum landsins jókst um 30% frá 1980-2000?
- ▶ um 4.000 km í þjóðvegakerfinu voru með bundnu slitlagi í lok árs 2000 en voru aðeins 360 km 1980?
- ▶ bílum á Íslandi fjölgaði um 80% á árabílinu 1980-2000 og bílaeign Íslendinga er með því mesta sem þekktist í veröldinni (558 fólksbílar á hverja 1.000 íbúa)?

# Samgönguáætlun 2003-2014

## Helstu verkefni í grunnneti





Breikkun brúa á Norðurlandi eystra  
3. tímabil:  
Til dæmis yfir Skjálfandafljót  
hjá Fosshóli.

**Grimsey**  
1. tímabil:  
Endurbýgging flugbrautarinnar,  
endurnýjun flugbrautarljósa.  
2.-3. tímabil:  
Bygging tækjageymslu.

**Pórshöfn**  
2.-3. tímabil:  
Bygging tækjageymslu.

**Pórshöfn**  
Dýpkun hafnar, lokið framkvæmd.  
Stálpilsbryggja.  
Löndunarbryggja endurbýggð.

**Norðausturvegur**  
1. og 3. tímabil:  
Pórshöfn-Bakkafjörður.

Breikkun brúa á Austurlandi  
3. tímabil.

Skv. jarðgangaáætlun:  
Vegur og jarðgöng  
um Héðinsfjörð.

**Norðausturvegur**  
1.-3. tímabil:  
Húsavík-Pórshöfn.

**Vopnafjörður**  
Brimvarnargarður.

Brú á Skjálfandafljóti  
í Köldukinn ásamt vegi  
3. tímabil.

**Húsavík**  
Stálpil og dýpkun.  
Bryggja Suðurgarði  
endurbýggð.

**Norðausturvegur**  
1.-2. tímabil:  
Hringvegur-Vopnafjörður,  
lega óviss.

Ólafsfjarðarvegur  
um Lágheiði  
1. tímabil:  
Endurbætur.

**Kísilvegur**  
1.-2. tímabil.

Blálag Norðurlands  
Stálpil Krossanæsi,  
2. áfangi.  
Ísbryggja UA  
endurbýggð.

**Hringvegur**  
um Mývatnsheiði  
1. tímabil.

**Hringvegur**  
1. tímabil.

Brú á Lagarfjót  
3. tímabil.

**Seyðisfjörður**  
Ferjulægi, lokið framkvæmd.

**Akureyri**  
1. tímabil:  
Ný tækja- og sandgeymsla,  
endurnýjun flugbrautarljósa,  
endurnýjun aðflugsbúnaðar.  
2.-3. tímabil:  
Endurnýjun aðflugs-  
og flugleiðsögubúnaðar.

**Tenging**  
Norðurland-Austurland  
yfir Mývatns- og  
Möðrudalsöræfi.  
1.-2. tímabil.

**Egilsstaðir**  
1. tímabil:  
Uppsetning aðflugsljósa  
að braut 04.  
2.-3. tímabil:  
Endurnýjun aðflugs-  
flugleiðsögu- og veðurbúnaðar.  
Malbikun bílastæða, síðari áfangi.

Skv. jarðgangaáætlun:  
Fáskrúðsfjörður,  
-Reyðarfjörður,  
vegur og jarðgöng

Jarðgöng  
Norðfjörður-  
Eskifjörður  
rannsóknir.

**Fjarðabyggð**  
Skjólgarður í  
Neskaupstað.  
Stálpilsbryggjur í  
Neskaupstað.  
Eskifjörður: Stálpil og  
dýpkun.  
Stóriðjuhöfn Hrauni:  
Bryggja og dýpkun.

**Hringvegur á Austurlandi**  
1.-3. tímabil.

**Hringvegur um**  
Bragðavallahóla  
3. tímabil.

**Hornafjarðarfjót**  
1.-2. tímabil:  
Stytting á hringvegi  
um 11 km., lega óviss.

**Hringvegur um**  
Almannaskarð  
1. tímabil.

**Hornafjörður**  
Dýpkun í höfn og á Grynnslum.  
Krosseyjarbaki endurbýggður.

**Hornafjörður**  
2.-3. tímabil:  
Endurnýjun aðflugs-  
og flugleiðsögubúnaðar.

Brú á Jökulsá á  
Breiðamerkursandi  
1.-2. tímabil.

Brýr í Öræfum  
2. tímabil.

Breikkun brúa á Suðurlandi  
1.-3. tímabil:  
Meðal annars verða breikkaðar brýr  
yfir Klifanda, Jökulsá á Sólheimasandi  
og Stóru-Laxá.

- 1. tímabil: 2003-2006
- 2. tímabil: 2007-2010
- 3. tímabil: 2011-2014

- Flugvallarframkvæmdir
- Hafnarframkvæmdir (Aðeins 1. tímabil)
- Vegir**
- Framkvæmdakafli
- Framkvæmdakafli - lega óviss
- Endurbætur á hálendisvegum
- Bundið slitlag á þjóðvegum í árslok 2002
- Malarslitlag á þjóðvegum í árslok 2002

Framkvæmdum við nokkra vegarkafla, sem hér eru tilgreindir á 3. tímabili, lýkur á næsta áætlunartímabili þar á eftir.


29.04.03 VAI

# Grunnet samgangna - framkvæmdir 2003-2014

Samgöngukerfi landsins tengir saman byggðarlög og myndar eina heild. Uppbygging þess er í þágu landsins alls fremur en einstakra héraða eða byggðarlaga. Þetta kerfi kallast grunnnet samgangna í samgönguáætluninni og tekur til 11 áætlunarflugvalla, 33 hafna og 5.200 km vega (40% þjóðvegakerfisins).

Miðað er við að grunnnetið tengi alla byggðakjarna með 100 íbúa eða fleiri. Á höfuðborgarsvæðinu er allt stofnvegakerfið hluti grunnnetsins. Í því eru einnig helstu tengipunkturar við útlönd.

Gert er ráð fyrir framkvæmdum í grunnneti samgangna á landinu fyrir alls um 83 milljarða króna á þeim tíma sem samgönguáætlunin tekur til, árin 2003-2014, samkvæmt ákvörðun Alþingis fyrr á þessu ári. Meðtalið er þá viðbótarfé til eflingar atvinnutækifæra sem ríkisstjórnin samþykkti að ráðstafa til ýmissa verkefna í vegamálum, alls 4,6 milljarðar króna. Að auki er verulegu fjármagni varið til framkvæmda utan grunnnets.



## Höfuðborgarsvæðið

- Viðamiklar framkvæmdir við mislæg gatnamót, endurbýggingu og endurbætur stofnvega á höfuðborgarsvæðinu á öllum tímabilum samgönguáætlunarinnar.
- Komið verður á samtengdri tölvustýringu umferðarljósá á helstu umferðargötum til að auka afköst gatnakerfisins og draga þannig úr biðtíma og loftmengun.
- Miðað er við að framkvæmdir við Sundabraut geti hafist innan tveggja ára frá því ákvörðun er tekin um legu hennar.

- Reykjavíkurborgin er þýðingarmesta inn- og útflutningshöfn landsins.
- Flugvöllur verður áfram í Reykjavík, sbr. samgönguáætlun 2003-2014. Reykjavíkurborgin er
  - miðstöð innanlandsflugs,
  - miðstöð sjúkraflegs, einkaflugs og flugkennslu,
  - varafflugvöllur millilandaflugs ásamt Akureyri og Egilsstöðum.
- Snertilendingar verða færðar á flugvelli í nágrenni borgarinnar.
- Byggt verður samgöngu- og þjónustumiðstöð á Reykjavíkurborgin til að þjóna innanlandsflugi og hópferðabifreiðum.


# Samgönguáætlun 2003-2014

## - Helstu verkefni á höfuðborgarsvæðinu

**Flugvöllur í Reykjavík**  
 1. tímabil:

**Endurbýgning flughlaða við flugsýli 1.**  
 Bygging tækja- og sandgeymslu.  
 Endurnýjun aðflugsúnaðar.  
 2.-3. tímabil:

**Bygging nýs flughlaða við fyrrihugaða samgöngumiðstöð.**  
 Endurnýjun aðflugsliða.



### Vegakerfið

- Stofnvegir með burndu sítlagi
- Stofnvegir með malarsítlagi
- Tengivegir með burndu sítlagi
- Tengivegir með malarsítlagi
- Landsvegir með burndu sítlagi
- Landsvegir með malarsítlagi
- Framkvæmdir



# Ávarp samgönguráðherra

Undanfarin ár hefur samgönguáætlun verið það verkefni sem ég hef lagt hvað mesta áherslu á að næði fram að ganga. Með samgönguáætlun eru tvinnnaðar saman í eina heildaráætlun þær áætlanir er fyrir voru á sviði samgangna og þar með er í fyrsta sinn horft á samgöngukerfi landsins í heild sinni við alla áætlanagerð af hálfu ríkisins.

Í samgönguáætlun eru sett fram skýr markmið fyrir samgöngukerfi þjóðarinnar og lagðar helstu meginlínur í uppbyggingu þess til næstu tólf ára. Sannfæring mín er sú að með þeirri löggjöf, sem samgönguáætlun byggir á, hafi öll umræða og öll vinna við áætlanagerð í samgöngumálum orðið mun markvissari en áður. Með því erum við að nýta þá fjármuni, sem til ráðstöfunar eru, til sóknar og eflingar efnahagslífi þjóðarinnar.

Í nýsamþykktri samgönguáætlun fyrir árin 2003-2014 er gert ráð fyrir að verja um 240 milljörðum króna til samgöngumála og fer nú meira fé til framkvæmda en áður eru dæmi um.

Mér sem samgönguráðherra er það mikið fagnaðar-



efni að samgönguáætlun skuli nú orðin að veruleika og farin að nýtast stofnunum samgönguráðuneytisins sem sá grunnur er meginstarfsemi þeirra byggir á. Samgönguráð er samgönguráðherra til ráðgjafar og um leið sá stýrihópur er ber faglega ábyrgð á tilurð áætlunarinnar. Samgönguráð skipa Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, formaður, Hermann Guðjónsson, siglingamálastjóri, Jón Rögnvaldsson, vegamálastjóri, og Þorgeir Pálsson, flugmálastjóri. Þeim, sem komu að gerð samgönguáætlunar, er þakkað vel unnið verk.

samgönguráðherra

## Tekjur samgönguáætlunar - Verðlag fjárlagafrumvarps 2003

	2003-2006 milljónir króna	2007-2010 milljónir króna	2011-2014 milljónir króna
<b>Flugmál</b>			
Tekjur	10.901	11.744	11.977
Ríkisframlag	3.817	3.617	3.617
<b>Samtals</b>	<b>14.718</b>	<b>15.361</b>	<b>15.594</b>
<b>Siglingamál</b>			
Tekjur	2.054	2.134	2.218
Ríkisframlag	6.608	4.695	4.689
<b>Samtals</b>	<b>8.663</b>	<b>6.828</b>	<b>6.907</b>
<b>Vegamál</b>			
Tekjur	42.946	45.113	46.424
Ríkisframlag	17.352	12.152	9.332
<b>Samtals</b>	<b>60.298</b>	<b>57.265</b>	<b>55.756</b>
<b>Samgöngumál alls</b>			
Tekjur	55.902	58.991	60.619
Ríkisframlag	27.777	20.464	17.638
<b>Samtals</b>	<b>83.679</b>	<b>79.455</b>	<b>78.257</b>

Sérstakt framlag til eflingar atvinnutækifæra á fyrri hluta 1. tímabils er talið með ríkisframlagi til vegamála.